

Brim hf.
Björn Almar Sigurjónsson - Akranesi
Norðurgarði 1
101 Reykjavík


Reykjavík, 18. nóvember 2019
UST201901-186/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Brim hf. – (áður HB Grandi) Akranesi

Þann 9. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims hf. á Akranesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru gerðar.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæði

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim (áður H.B. Grandi) Akranesi Akranes



Dags eftirlits	9.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Brim (áður H.B. Grandi) Akranesi	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnarbraut 2-4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjòlsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Björn Almar Sigurjónsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður M. Jónsson	Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti en tvær ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Fundur
 - Mælingar
 - Skráningar og skýrslur
 - Tilkynningar
 - Um breytingu á tíðni eftirlits, ný reglugerð
 - Önnur mál, lykt, bilanir, viðhald,
2. Skoðun á verksmiðju

1) Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Almar Sigurjónsson og Sigurður M. Jónsson frá Brim og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

- TVN mælingar og mælingar á hitastigi hráefnis eru í lagi. Mest af hráefni ársins er afskurður (hrat) og því einungis litla verksmiðjan í gangi. Engin loðnuvertíð var á árinu og Akranes ekki í alfaraleið þegar kemur að vinnslu kolmunna, makríls og síldar.

Krafa eru um árlega mælingu á efnun í frárennsli (fita, svifagnir og COD) og var tilkynnt að niðurstöðurnar yrðu senda Umhverfisstofnun fyrir áramót.

Mælingar á ryki og útblásturshraða hafa verið framkvæmdar á starfsleyfistímanum og eftir að sýnt var fram á með loftdreifilíkani að umhverfisáhrif aukist ekki þótt útblásturshraðinn verði lækkaður í 9 m/s þá eru ekki gerðar athugasemdir við niðurstöður mælinganna né útblástursmál verksmiðjunnar.

Hljóðmælingar hafa verið gerðar tvisvar á starfsleyfistímabilinu, síðast í september 2018. Í kjölfar kvörtunar á síðasta ári var hljóðmæling endurtekin, smábreytingar gerðar og síðan hafa ekki komið kvartanir vegna starfseminnar.

Kröfur í nýlegri reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, nr. 884/2017, gera ráð fyrir þykktarmælingum á olíu- og lýsisgeymum á tíu ára fresti og þrýstiprófunum á niðurgrofnum olíu- og lýsislögnum á 5 ára fresti. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinganna.

- Skráningar á viðhaldi búnaðar, tæmingu olíuskilja, efnanotkun og flokkun og meðferð úrgangs- og spilliefna ásamt skráningu á kvörtunum og hugsanlegum óhöppum eru gerðar í tölvukerfinu Viðhaldsstjóra og hefur það gefið góða raun.

Grænt bókhald og útstreymisbókhald bærust fyrir 1. maí sl.

- Áhersluverkefni eftirlitsmanna í mengunarvarnareftirliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangið ust@ust.is. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína til þess að endurspeglar þetta.

- Ný reglugerð nr. 550/2018 kveður á um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu til þess að ákveða tíðni eftirlits. Þá skal fiskimjòlsverksmiðjur landsins bornar saman og metið út fram umhverfisáhættu hvar stofnunin ætti að vera að beita sér. Nánar er gerð grein fyrir kerfisbundna áhættumatinu í [landsáætlun um eftirlit](#) sem er á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Tíðni eftirlits skal vera á bilinu eitt eftirlit á ári til þess að vera á þriggja ára fresti fyrir fyrirtækja sem valda minnsti áhættu.

- Engar kvartanir vegna lyktar né hávaða hafa borist stofnuninni síðan 12. júní 2018.

Rafskautaketill (Haarslev) var tekinn í notkun á árinu 2014 og olíukatlar eru hafðir til vara. Í vinnslunni var forsjóðara nýlega bætt við litlu stöðina til þess að nýta betur glatvarma frá eimingartækjum. Rekstraraðili hefur sett sér skýr umhverfismarkmið og notar rekjanleikakerfi vegna framleiðslunnar.

2) Haldið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Verksmiðjan vinnur úr afskurði á virkum dögum allt árið um kring í lítilli vinnslulínu sem tekin var í gagnið 2014. Stærri vinnslulínan var ekki í gangi. Skoðaðir voru katlar í ketilrími, farið um hráefnismóttöku og vinnslusal. Skoðuð einnig mjölmölnun og vinnsla.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun verksmiðjunnar og nota netfangið ust@ust.is til þess að senda tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðila var bent á að fara yfir þykktarmælingar og þrýstiprófanir sem krafist er í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olfúmengun frá starfsemi í landi.


ANNAD

Brim fékk Umhverfisverðlaun atvinnulífsins í ár (2019).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.11.2019



Gottskálk Friðgeirsson